

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 28 94. ár

Miðvikudaginn 7. mars 2001

Laust starf

Héraðsdómur Reykjavíkur og héraðsdómur Austurlands óska eftir því að ráða lögfræðing til starfa frá 15. apríl 2001. Um er að ræða starf samkvæmt 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla (aðstoðarmaður dómara). Laun eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu. Umsóknarfrestur er til 10. apríl nk.

Aðstoðarmaðurinn myndi starfa frá 15. apríl til 31. ágúst nk. í héraðsdómi Austurlands en frá 1. september í héraðsdómi Reykjavíkur.

Umsóknir skal senda Nönnu Magnadóttur skrifstofustjóra í héraðsdómi Reykjavíkur sem veitir upplýsingar í síma 562 8546. Dómstjórinn í héraðsdómi Austurlands, Logi Guðbrandsson, veitir einnig upplýsingar í síma 471 2350 og dómstjórinn í héraðsdómi Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson, í síma 562 8545.

Reykjavík 19. febrúar 2001.

Dómstjórinn í héraðsdómi Austurlands.
Dómstjórinn í héraðsdómi Reykjavíkur.

(2582)

Embætti héraðsdómara

Með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu sem birtist þann 2. mars 2001 er embætti héraðsdómara, sem dómsmálaráðherra veitir, auglýst laust til umsóknar með umsóknarfresti til 12. mars 2001. Hér með framlengist umsóknarfrestur til 17. mars 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
1. mars 2001.

(2789)

Stefnur

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.,
kt. 420369-7789,
Grjóthálsi 7-11, Reykjavík

gjörir kunnugt: að það þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Magnúsi Jóni Aðalsteinssyni, kt. 091250-2339, með óþekkt heimilisfang í Thailandi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 249.986 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, ásamt síðari breytingum af kr. 7.282 frá 20. júlí 2000 til 20. ágúst 2000, þá af kr. 70.936 til 20. september 2000, þá af kr. 249.986 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, að mati réttarins. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Málflutningsumboð: Eva Margrét Ævarsdóttir hdl. rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuld þessi er tilkomin vegna kaupa stefnda á drykkjarvörum, allt samkvæmt framlögðum reikningum, af stefnanda í júní, júlí og ágúst 2000. Samkvæmt reikningsyfirliti stefnanda dags. 26. september 2000 er skuld stefnda við stefnanda vegna framangreindra kaupa eða alls 10 reikningsúttekta, sbr. framlagða reikninga, samtals að fjár-

Auglýsing

um breyting á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015 í landi Minni Borgar í Grímsnesi

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015. Breytingin felur í sér að landbúnaðarsvæði breytist í frístundabyggð í landi Minni Borgar í Grímsnesi.

Borg, 27. febrúar 2001.

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.

2653)

Auglýsing

um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin felst í að:

- Tengingum við Norðfjarðarveg er fækkað úr 6 í 2 þ.e. við Leiruveg og Naustahvamm.
- Naustahvammur er stytur og fellur út vestan Hafnarnausts.
- Ný gata Naustavegur komi norðan Naustahvamms.
- Legu Leiruvegar er breytt og verður hann stofnvegur að flugvelli.
- Gata vestast á svæðinu fellur út.
- Svæði fyrir opinberar stofnanir við flugvöll er stækkað til vesturs.
- Nýr sjóvarnargarður verði gerður norðan við innsiglingarleið að höfninni.
- Hafnarlaug verði rýmkuð og sjóvarnargarður sunnan innsiglingar mjókkaður.
- Bæjarmörk falla út vegna sameiningar sveitarfélaga.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum Egilsbraut 1, Neskaupstað, Strandgötu 49, Eskifirði og Búðareyri 7, Reyðarfirði frá og með miðvikudeginum 7. mars til miðvikudagsins 4. apríl 2001.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila athugasemdum er til miðvikudagsins 18. apríl 2001.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á einhverja af ofangreindum bæjar-skrifstofum. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Fjarðarbyggð, 27. febrúar 2001.
Skipulagsfulltrúinn í Fjarðabyggð,
Óttar Guðmundsson.

2654)

Nauðungarsölur

Patreksfjörður

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Aðalstræti 92, 2. h., Patreksfirði, miðvikudaginn 11. apríl 2001 kl. 9.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalstræti 119, Vesturbyggð	Margrét Þór	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1.090.507
Aðalstræti 129, Vesturbyggð	Grétar Már Guðfinnsson og Edda Fanney Jónsdóttir	Íbúðalánasjóður	168.917
Aðalstræti 13, neðri hæð og kjallari, Vesturbyggð	Laufey Böðvardsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðst. og sýslumaðurinn á Patreksfirði	969.687

2591)

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalstræti 15, Vesturbyggð	Guðmundur Ólafur Guðmundur og Elín Anna Jónsdóttir	Íbúðalánasjóður	121.220
2592)			
Aðalstræti 4, 0204, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	999.042
2593)			
Aðalstræti 50, Vesturbyggð	Háanes hf.	Eimskipafélag Íslands hf. og Reykjavíkurbhöfn	4.187.473
2594)			
Aðalstræti 89, Vesturbyggð	Anna Gestsdóttir	Byggðastofnun	7.530.071
2596)			
Bakkatún 2, Bíldudal, Vesturbyggð	Hannes Bjarnason	Byggðastofnun, sýslumaðurinn á Patreksfirði og Vesturbyggð	8.042.030
2597)			
Bjarkargata 5, efri hæð, Vesturbyggð	Örlygur Sigurðsson	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	229.441
2598)			
Dalbraut 15, Bíldudal, Vesturbyggð	Agnar Már Hávarðsson	Sparisjóður Mýrasýslu	3.585.917
2599)			
Dalbraut 30, Bíldudal, Vesturbyggð	Jón Páll Jakobsson og Sólrun Bryndís Aradóttir	Veiðarfærasalan Dímon ehf.	633.526
2600)			
Dalbraut 34, Bíldudal, Vesturbyggð	Árni Jóhannesson	Íbúðalánasjóður	54.097
2601)			
Eikarholt, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.553.209
2602)			
Eyrarhús, lóð nr. 1, Skógar, Tálknafirði	Sigurlaug Guðmundsdóttir	Tryggingamiðstöðin hf.	108.765
2603)			
Gilsbakki 2, 0103, Bíldudal, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	777.915
2604)			
Gilsbakki 2, 0104, Bíldudal, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.817.267
2605)			
Gilsbakki 2, 0203, Bíldudal, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	4.075.394
2606)			
Gilsbakki 4, 0001, Bíldudal, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	778.630
2607)			
Gilsbakki 4, 0201, Bíldudal, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.076.839
2608)			
Hellisbraut 18, Reykhólum, Króksfjarðarnesi	Guðjón Gunnarsson	Íbúðalánasjóður	163.540
2609)			

hæð kr. 249.986 sem er stefnufjárhæð máls þessa. Reikningarnir voru sendir stefnda á út-gáfudögum þeirra og er krafist dráttarvaxta frá 20. degi næsta mánaðar eftir úttekt, sbr. skilmála er fram koma á reikningunum þar um. Inn-heimtutilraunir hafa engan árangur borið og er málshöfðun þessi því óhjákvæmileg. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár er stefndi sagður búsettur í Thailandi en með óþekkt heim-ilisfang. Stefninga er því aðeins mögulegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu þar sem upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu þessa eftir almennum reglum.

Lagarök: Stefndandi reisir kröfur sínar á al-mennum reglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga einkum lögum nr. 39/1922 og rekur málið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991. Dráttarvaxtakröfur eru gerðar á grundvelli III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 67/1989. Kröfur sínar um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Stefndandi leggur fram máli sínu til sönnunar: Skjalaskrá, reikningsyfirlit ásamt afriti reikninga, afrit innheimtubréfs, vottorð frá Hagstofu Íslands, Lögbirtingablað.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Magnúsi Jóni Aðalsteinssyni, kt. 091250-2339, með óþekkt heimilisfang í Thailandi, til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykja-víkur, dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjar-torg, Reykjavík, þriðjudaginn 17. apríl 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og dóm að þola í ofangreinda átt. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu, má búast við því að útiv Stardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 23. febrúar 2001.

Eva Margrét Ævarsdóttir hdl.
(2562)

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Sveinsson hrl., Hafnarholi, Tryggvagötu 11, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Björgvins Ó. Stein-grímssonar, kt. 030466-4119, Engjaseli 29, Reykjavík, Gunnars Sigurðssonar, kt. 120756-5839, Torfufelli 35, Reykjavík, Hjörleifs Harð-arsonar, kt. 270661-5999, Brekkuseli 13, Reykja-vík, Hrólfs A. Sumarliðasonar, kt. 301268-4919, Fljótaseli 36, Reykjavík, Jóhanns Bergmann Guðmundssonar, kt. 090856-0069, Miðholti 3, Mosfellsbæ, Konráðs Hinrikssonar, kt. 170256-5069, Brekkubraut 9, Keflavík, Kristins Þórs Ágústssonar, kt. 250368-4459, Vesturbergi 136, Reykjavík, Rúnars Guðjónssonar, kt. 300646-6709, Kársnesbraut 84, Kópavogi, Sófusar A. Alexanderssonar, kt. 041055-2789, Efstuhlíð 13, Hafnarfirði og Stefáns Þ. Guðmundssonar, kt. 250346-4339, Heiðarseli 7, Reykjavík að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindum hlutabréfum í Nýju sendibílastöðinni hf., kt. 490269-0969, Knarrar-vogi 2, Reykjavík.

Dómkröfur: Þess er krafist að ógilt verði með dómi eftirtalin hlutabréf í Nýju sendibílastöðinni hf.:

Nr. hl. bréfs	Nafn og kennit. núv. eiganda	Nafnverð í kr.
69	Björgvin Ó. Steingrímsson, kt. 030466-4119	173.600
109	Gunnar Sigurðsson, kt. 120756-5839	173.600
87	Hjörleifur Harðarson, kt. 270661-5999	173.600
43	Hrólfur A. Sumarliðason, kt. 301268-4919	173.600
92	Jóhann B. Guðmundss., kt. 090856-0069	173.600

64 Konráð Hinriksson, kt. 170256-5069	173.600	Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
12 Kristinn Þór Ágústsson, kt. 250368-4459	173.600	Hjallar 9, Vesturbyggð	Hjörleifur Guðmundsson og Sigrún Sigurðardóttir	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	403.381
40 Rúnar Guðjónsson, kt. 300646-6709	173.600	2610)			
2 Sófus A. Alexandersson, kt. 041055-2789	173.600	Hólar 18, efri hæð, Vesturbyggð	Magnús Jón Áskelsson og Brynja Haraldsdóttir	Íbúðalánasjóður	121.277
96 Stefán Þ. Guðmundsson, kt. 250346-4339	173.600	2611)			
Fyrirsvar: Jón Sveinsson hrl., Landslögum – lögfræðistofu, Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir stefnendur.		Húseignin Sjávarslóð, Flatey, Reykhólahreppi	Ólína Jóhanna Jónsdóttir	Reykhólahreppur	161.099
Málsástæður og önnur atvik: Stefnendur eru eigendur ofangreindra hlutabréfa í Nýju sendibílastöðinni hf., kt. 490269-0969, Knarrarvogi 2, 104 Reykjavík. Þrátt fyrir leit hafa hlutabréfin ekki fundist. Til þess að geta neytt þeirra réttinda sem bréfin bera með sér, er eigendum bréfanna nauðsynlegt að fá þau ógilt með dómi.		2612)			
Lagarök: Vísað er til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.		Jörundur Bjarnason BA 10, sknr. 1733, ásamt rekstrartækjum og veiðiheimildum	Gunnar Karl Garðarsson	Byggðastofnun	4.433.700
Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnendur leggja fram eftirtalin sönnunargögn:		2613)			
1. Stefnu þessa.		Kjarrholt 1, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.061.988
2. Skrá yfir framlögð skjöl.		2614)			
3. Beiðni um útgáfu stefnu þessarar.		Kjarrholt 2, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	912.992
4. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.		2615)			
5. Afrit hlutabréfs.		Kjarrholt 4, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	879.793
6. Bréf Nýju Sendibílastöðvarinnar hf. til lögmanns.		2616)			
Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreind hlutabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim til að sækja dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík þriðjudaginn 24. apríl 2001 kl. 10.00 til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til hlutabréfanna. Ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnenda um ógildingu verði teknar til greina.		Langahlið 10, efri hæð og hálfur kjallari, Bíldudal, Vesturbyggð	Ingibjörg Friðriksdóttir	Vesturbyggð	83.497
Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.		2617)			
Reykjavík, 28. janúar 2001.		Langahlið 29, Bíldudal, Vesturbyggð	Sigurbjörn Halldórsson	Skeljungur hf.	192.532
Friðgeir Björnsson dómstjóri.		2618)			
(2374)		Langahlið 5, Bíldudal, Vesturbyggð	Guðrún Kristjánsdóttir og Guðmundur Ásgeirsson	Vesturbyggð	156.357
Íslandsbanki-FBA hf., kt. 550500-3530, höfuðstöðvar, Kirkjusandi 2, Reykjavík		2619)			
gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ásgeiri Gíslasyni, kt. 030880-2939, með óþekkt heimilisfang.		Linda, skmr. 1479, ásamt rekstrar-tækjum og veiðiheimildum	Bjargsýn ferðapjónusta ehf.	Vátryggingafélag Íslands hf.	767.811
Dómkröfur: eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð samtals kr. 297.296,87 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sbr. lög nr. 67/1989 frá 21. apríl 2000 til greiðsludags. Þá er og krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. apríl 2001. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts af honum.		2620)			
Málflutningsumboð: Margrét Gunnarsdóttir hdl. rekur mál þetta fyrir stefnanda.		Lyngholt á Krossholti, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.276.871
Málavextir: Þann 29. apríl 1997 stofnaði Ásgeir Gíslason tékkareikning ásamt debetkorti nr. 170030 við útibú stefnanda að Þarabakka 3 í Reykjavík. Þann 21. apríl 2000 námu innstæðulausar færslur á reikningnum kr. 297.296,87. Var reikningnum þá lokað. Þann 7. desember 1998 undirritaði Bjarni Gunnar Sigurðsson yfirlýsingu um að taka á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldar allt að fjárhæð kr. 150.000. Þann 22. júní 2000 var stefnda sent innheimtubréf. Þann 8. febrúar 2001 var þingfest stefna á hendur Ásgeiri Gíslasyni og Bjarna Gunnari Sigurðssyni. Fallið var frá kröfum á hendur Ásgeiri þar sem birting stefnu tókst ekki. Tilraunir til innheimtu skuldarinnar hafa reynst árangurslausar og er því málssókn þessi nauðsynleg.		2621)			
Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð		Melanes, Vesturbyggð	Ólöf Matthíasdóttir, Bragi Ívarsson db. og Skúli Hjartarson	Íbúðalánasjóður	251.710
		2622)			
		Nónborg BA 23, sknr. 1893 ásamt rekstrartækjum og veiðiheimildum	Nónborg ehf., Bíldudal	Byggðastofnun	3.372.847
		2623)			
		Sigtún 17, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	512.469
		2624)			
		Sigtún 19, Vesturbyggð	Haukur Pálsson og Rakel Dögg Sigurðardóttir	Íbúðalánasjóður	107.786
		2625)			
		Sigtún 29, efri hæð, Vesturbyggð	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	2.154.805
		2626)			

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Sigtún 31, efri hæð Vesturbyggð ²⁶²⁷⁾	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	2.074.094
Sigtún 35, neðri hæð, Vesturbyggð ²⁶²⁸⁾	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	6.587.356
Sigtún 4, Vesturbyggð ²⁶²⁹⁾	Símon Friðrik Símonarson og Gunnhildur Valgarðsdóttir	Íbúðalánasjóður	262.584
Sigtún 41, Vesturbyggð ²⁶³⁰⁾	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	2.411.817
Sigtún 59 0101, Vesturbyggð ²⁶³¹⁾	Vesturbyggð	Íbúðalánasjóður	1.122.278
Sigurbjörg Þorsteins BA 65, sknr. 1100, ásamt rekstrartækjum og veiðiheimildum ²⁶³²⁾	Jón Páll Jakobsson og Jakob Kristinsson	Íslandsbanki-FBA hf. og Tryggingamiðstöðin hf.	1.448.997
Sveinn Sveinsson BA 325, sknr. 1547, ásamt rekstrartækjum og veiðiheimildum ²⁶³³⁾	Fagrimúli ehf.	Byggðastofnun	8.087.715
Trésmíðaverkstæði í landi Litlu Eyrar, Bíldudal, Vesturbyggð ²⁶³⁴⁾	Hannes Bjarnason og Finnbjörn Bjarnason	Vesturbyggð	348.924
Urðargata 2, Vesturbyggð ²⁶³⁵⁾	Erla Hafliðadóttir	Lífeyrissjóður verslunarmanna	76.609
Verkstæðishús Hafnar hf., í landi Efri og Neðri Tungu, ásamt 5.000 fm eignarlóð ²⁶³⁶⁾	Höfn ehf.	Vesturbyggð	52.979
Viktoría BA 45, sknr. 2331, ásamt rekstrartækjum og veiðiheimildum ²⁶³⁷⁾	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	Tryggingamiðstöðin hf.	8.901.237
Vörugeymsluhús í landi Patrekshafnar, 5. og 6. bil, talið austan frá, Vesturbyggð ²⁶³⁸⁾	Ólafur Helgi Haraldsson	Byggðastofnun	2.778.178
Patreksfirði, 20. febrúar 2001. Sýslumaðurinn á Patreksfirði, Björn Lárusson ftr.			

Vestmannaeyjar

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 5. apríl 2001 kl. 9.30, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Ásavegur 8 ²⁵⁶³⁾	Sigurborg Elva Þórðardóttir	Vestmannaeyjabær	129.023
Brattagata 11, efri hæð ²⁵⁶⁴⁾	Guðrún Jóna Gunnarsdóttir	Vestmannaeyjabær	173.922
Brekastígur 15a ²⁵⁶⁵⁾	Pálmar Jónsson	Sparisjóður Norðfjarðar	495.549
Brekastígur 5a ²⁵⁶⁶⁾	Guðmundur H. Hinriksson	Íslandsbanki-FBA hf.	1.538.401

einkamála. Samkvæmt vottorði frá Þjóðskrá er stefndi Ásgeir Gíslason með lögheimili að Skeljagranda 7, Reykjavík, en enginn sem þar býr eða hittist fyrir hefur fengist til að taka við stefnubirtingu. Dvalarstaður stefnda er óþekktur. Ítrekað hefur verið reynt að hafa upp á stefnda til að birta honum stefnu eftir almennum reglum. Það hefur hins vegar engan árangur borið. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Dráttarvaxtakrafa byggist á III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989. Málskostnaðarkrafa styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, en skv. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er stefnandi ekki virðisaukaskattskyldur. Því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Stefnu útg. 3. janúar 2001 ásamt árangurslausu birtingarvottorði.
4. Umsókn um tékkareikning ásamt debetkorti.
5. Úrdrátt úr skrám Reiknistofu bankanna.
6. Ljósrit yfirlýsingar um sjálfskuldarábyrgð.
7. Ljósrit innheimtubréfs dags. 22. júní 2000.
8. Vottorð Hagstofu Íslands.
9. Lögbirtingablað.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Ásgeiri Gíslasyni, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 3. maí 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 13. febrúar 2001.
Íslandsbanki-FBA hf.,
Margrét Gunnarsdóttir hdl.
^{(2348}

Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands, Ólafur Börkur Þorvaldsson, dómstjóri

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Eva B. Helga-dóttir hdl., Hafnarstræti 20, Reykjavík, að hún þurfi að höfða mál fyrir hönd Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, kt. 540775-0369, Sjómannafélagsins Jötunns kt. 670169-2439 og Verkakvennafélagsins Snótar, kt. 690975-3279, fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefndendur kveðast gera þær dómkröfur í málinu að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að upphaflegri fjárhæð kr. 5.000, útgefið þann 15. febrúar 1952 í Vestmannaeyjum af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum ti Vélstjórafélags Vestmannaeyja.

Fyrirsvar: Eva B. Helgadóttir hdl., Hafnarstræti 20, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnenda.

Málsatvik og málsástæður: Stefndendur telja málavexti vera þá að ofangreint skuldabréf sé í eigu Vélstjórafélags Vestmannaeyja, sem hefur glatað því og ekki fundið þrátt fyrir ítarlega leit. Stefndendur kveða bréf þetta vera að fullu greitt og telja því nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi, svo unnt sé að aflýsa veðinu af fasteigninni Skólavegi 21B, Vestmannaeyjum.

Lagaraök: Stefndendur kveðast um lagarök vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísa stefndendur til 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins munu stefnendur leggja fram eftirtalin sönnunargögn til sönnunar kröfum sínum:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá.
3. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefnan er birt í.
4. Afrit veðskuldabréfs.
5. Veðbókarvottorð vegna fasteignarinnar Skóla-vegur 21B.

Fyrirkall: Því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf í fórum sínum eða telur til réttar yfir bréfinu, að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í dómsal, sýsluskrifstofunni, Heiðar-vegi 15, Vestmannaeyjum, þann 11. apríl 2001, kl. 16.00, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskulda-bréfsins og leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má við því búast að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnenda um ógildingu bréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Selfossi, 21. febrúar 2001.
Héraðsdómur Suðurlands,
Ólafur Börkur Þorvaldsson.
(2644

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Tal hf., kt. 660397-2729, Síðumúla 28, Reykjavík

Stefndi: Bjarki Örn Sævarsson, kt. 111073-4579, Reynimel 90, Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson, rekur mál þetta f.h. stefn-anda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 39.039 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 9.863 frá 4. nóvember 1998 til 3. desember 1998, af kr. 28.446 frá 3. desember 1998 til 6. janúar 1999, af kr. 39.039 frá 6. janúar 1999 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er samkvæmt framlögðu reikningsyfirliti stefnanda. Málsatvik eru þau að stefnandi rekur talsímafyr-irtæki í Reykjavík og er skuld þessi tilkomin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefn-anda á neðangreindu tímabili. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	4. nóvember 1998	4. nóvember 1998	9.863
2.	3. desember 1998	3. desember 1998	18.583
3.	6. janúar 1999	6. janúar1999	10.593

Samtals nema ofangreindar fjárhæðir kr. 39.039.- sem er stefnufjárhæð málsins. Umsam-inn gjalddagi í viðskiptum aðila skyldi miðast við dagsetningu reiknings og er dráttarvaxta-krafa í dómkröfu byggð á því. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Upprunalega var gefin út stefna sama efnis dagsett 31. október 2000 sem þingfesta átti 30. nóvemer 2000. Birting tókst hins vegar ekki en samkvæmt upplýsingum stefnuvotts á vottorði er stefndi talinn fluttur úr húsnaðinu fyrir þó nokkru síðan. Stefndi er enn með skráð lögheimili á sama stað en þar þekkir enginn til hans. Auk þess er ekkert vitað um afdrif hans. Reynist því þarft að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatílvísanir: Vísað er til meginreglu kröfu-réttarins um efnidir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefn-

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Búhamar 52	Sigurlína Sigurjónsdóttir og Magnús Sigurnýas Magnússon	Íbúðalánasjóður	40.269
2567)			
Eiðisvegur 8	Eiði ehf.	Vestmannaeyjabær	480.067
2568)			
Eiðisvegur 9	Eiði ehf.	Vestmannaeyjabær	443.502
2569)			
Fífilgata 3, efri hæð, eignarhl. gb. (er kaupsamningshafi)	Sigríður Kristinsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	1.023.530
2570)			
Flatir 21	Nethamar ehf.	Vestmannaeyjabær	717.875
2571)			
Garðavegur 12	Hlíðardalur ehf.	Vestmannaeyjabær	1.688.543
2572)			
Hásteinsvegur 55, efri hæð	Einar Friðþjófsson	Vestmannaeyjabær	147.991
2573)			
Hlíðarvegur 3	Hlíðardalur ehf.	Vestmannaeyjabær	1.572.087
2574)			
Skólavegur 41	Jón Rúnar Friðriksson	Vestmannaeyjabær	102.043
2575)			
Smáragata 26	Sigríður Magnúsdóttir	Íbúðalánasjóður og Vestmannaeyjabær	345.895
2576)			
Strandvegur 107	Ásar-þvottastöð ehf.	Vestmannaeyjabær	593.274
2577)			
Strandvegur 69-71	Örn ehf.	Bæjarveitur Vestmannaeyja, Slípivörur og verkfæri ehf. og Vestmannaeyjabær	1.817.574
2578)			
Sæfell v/Ofanleitisveg	Sæfell ehf.	Vestmannaeyjabær	213.791
2579)			
Vestmannaeyjum, 22. febrúar 2001. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, Karl Gauti Hjaltason.			

andi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga númer 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram reiknings-yfirlit og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatil-búnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem hald-ið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102, þann 26. apríl 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þing-festingu og fyrirtöku málsins getur hann átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 12. febrúar 2001.
F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Herdís Hallmarsdóttir lögfr.
(2650

Anna Guðrún Árnadóttir hdl., f.h. Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík,

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Friðrik

Halldóri Kristjánssyni, kt. 010880-2979, óstað-settum í hús skv. Þjóðskrá.

Málflutningsumboð: Anna Guðrún Árnadótt-ir hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 69.493,94, ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af kr. 69.493,94 frá 21. ágúst 2000 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutnings málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnt er til greiðslu skuldar á tékkareikningi nr. 2141 við Búnaðarbanka Íslands hf., Höfðaútibú, Reykja-vík. Reikningur þessi var stofnaður hinn 27. ágúst 1999 samkvæmt umsókn um stofnun reikn-ings, dskj. nr. 3. Stefndi vanefndi samninginn og var reikningnum af þeim sökum lokað hinn 21. ágúst 2000, skuldin gjaldfelld og vaxtafryst, er krafist dráttarvaxta frá þeim degi, sbr. dskj. nr. 4. Hinn 4. október 2000 stóð vanskilaskuldin í kr. 69.493,94, sbr. reikningsyfirlit dskj. nr. 4.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóð-skrá er stefndi óstaðsettur í hús. Dvalarstaður stefnda er óþekktur. Ítrekað hefur verið reynt að hafa upp á stefnda til að birta fyrir honum eftir almennum reglum en án árangurs sbr. birtingar-vottorð dskj. nr. 5. Því er nauðsynlegt fyrir stefn-anda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Innheimtutilraunir hafa eigi borið árangur.

Lagarök: Vísað er til meginreglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 en krafa um virðisaukaskatt af honum er reist á lögum nr. 50/1988; stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn á að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

Sönnunargögn: Stefnandi leggur fram máli sínu til sönnunar: Umsókn um stofnun reiknings dags. 27. ágúst 1999, reikningsyfirlit dags. 4. október 2000 og samrit vaxtanótna, innheimtu-bréf dags. 11. október 2000, afrit nafnaskrár sbr. Hagstofuupplýsingar og Lögbirtingablað sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 10. apríl 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að úti-vistardómur gangi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Útivist kann að valda dómtöku málsins.

Reykjavík, 19. febrúar 2001.
F. h. Búnaðarbanka Íslands hf.,
Anna Guðrún Árnadóttir hdl.

(2790

**Anna Guðrún Árnadóttir hdl.,
f.h. Búnaðarbanka Íslands hf.,
kt. 490169-1219,
Austurstræti 5, Reykjavík,**

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Guðmundi Sigursteinssyni, kt. 160643-4559, Galtarvík, 301 Skilmannahreppi, nú með óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Anna Guðrún Árnadóttir hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 54.708,59, ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af kr. 54.708,59 frá 11. febrúar 1999 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutnings málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnt er til greiðslu skuldar á tékkareikningi nr. 2412 við Búnaðarbanka Íslands hf., Seljaútibú, Reykjavík. Reikningur þessi var stofnaður hinn 21. apríl 1998 samkvæmt umsókn um stofnun reiknings, dskj. nr. 3. Stefndi vanefndi samninginn og var reikningnum af þeim sökum lokað hinn 11. febrúar 1999, skuldin gjaldfelld og vaxtafryst, er krafist dráttarvaxta frá þeim degi, sbr. dskj. nr. 4. Hinn 8. mars 2000 stóð vanskilaskuldin í kr. 54.708,59, sbr. reikningsyfirlit dskj. nr. 4.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dvalarstaður stefnda er óþekktur. Ítrekað hefur verið reynt að hafa upp á stefnda til að birta fyrir honum eftir almennum reglum en án árangurs sbr. birtingarvottorð dskj. nr. 5. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Innheimtutilraunir hafa eigi borið árangur.

Lagarök: Vísað er til meginreglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 en krafa um virðisaukaskatt af honum er reist á lögum nr. 50/1988; stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn á að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda

Sönnunargögn: Stefnandi leggur fram máli sínu til sönnunar: Umsókn um stofnun reiknings dags. 21. apríl 1998, reikningsyfirlit dags. 8. mars 2000, innheimtubréf dags. 14. mars 2000, birtingarvottorð ásamt stefnu dags. 5. desember 2000 og Lögbirtingablað sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 10. apríl 2001 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að úti-vistardómur gangi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Útivist kann að valda dómtöku málsins.

Reykjavík, 19. febrúar 2001.
F. h. Búnaðarbanka Íslands hf.,
Anna Guðrún Árnadóttir hdl.

(2791

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum þann 16. febrúar 2001, var Kristjáni Ellertssyni, kt. 291054-2779, Móabarði 30B, Hafnarfirði, veitt heimild til að leita nauðasamninga. Undirritaður lögmaður var þann sama dag skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum hans.

Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga samningskröfur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur ofangreindum aðila að lýsa þeim fyrir umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfúlýsingar skulu sendar umsjónarmanni að Bæjarhrauni 2, pósthólf 633, 221 Hafnarfirði.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans verður haldinn að Bæjarhrauni 2, 2. hæð, Hafnarfirði þriðjudaginn 10. apríl 2001 kl. 11.00 til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Hafnarfirði, 26. febrúar 2000.
Þorsteinn Pétursson hdl.,
skiptastjóri.

(2515 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum þann 22. febrúar 2001, var bú Ólafs Ágúst Gunnlaugssonar, kt. 280156-2809, Tjarnarbrú 20, 780 Höfn, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 13. nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, föstudaginn 18. maí 2001 kl. 16.00.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfyllt-um. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

(2642 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum þann 22. febrúar 2001, var bú Haf-borgar ehf., kt. 551096-2629, Hólabraut 1b, 780 Höfn, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 15. desember 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til

skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, föstudaginn 18. maí 2001 kl. 17.00.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfyllt-um. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

(2643 a

Egilsstöðum, 24. febrúar 2001.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum þann 19. febrúar 2001, var bú Ragnars Inga Einarssonar, kt. 141166-4769, Lagarfelli 9, 701 Egilsstöðum, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 10. janúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, föstudaginn 18. maí 2001 kl. 17.30.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfyllt-um. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Egilsstöðum, 26. febrúar 2001.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.,
skiptastjóri.

(2770 a

Bú Masa ehf., kt. 430399-2099, Arnarbakka 2, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 7. febrúar 2001. Frestdagur við skiptin er 11. september 2000.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra er telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í þess vörslum, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra, Kristjáni Ólafssyni hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu skiptastjóra, miðvikudaginn 30. maí 2001 kl. 13.00.

(2772 a

Bú Elínar Sigurðardóttur, kt. 030156-5019, Grettisgötu 12, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykja-víkur sem kveðinn var upp þann 7. febrúar 2001. Frestdagur við skiptin er 22. september 2000.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra er telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í þess vörslum, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfúlýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra, Kristjáni Ólafssyni hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og

ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu skiptastjóra, miðvikudaginn 30. maí 2001 kl. 13.30.

(2773 a

Bú Orra H. Gunnlaugssonar, kt. 260868-4899, Bræðraborgarstíg 3, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 7. febrúar 2001. Frestdagur við skiptin er 11. september 2000.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra er telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í þess vörslum, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra, Kristjáni Ólafssyni hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu skiptastjóra, miðvikudaginn 30. maí 2001 kl. 14.00.

(2774 a

Bú Ingibjargar Naomi Friðþjófsdóttur, kt. 190470-5049, Jórufelli 12, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 7. febrúar 2001. Frestdagur við skiptin er 26. september 2000.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra er telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í þess vörslum, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra, Kristjáni Ólafssyni hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu skiptastjóra, miðvikudaginn 30. maí 2001 kl. 14.30.

(2775 a

Reykjavík, 20. febrúar 2001.
Kristján Ólafsson hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 16. febrúar 2001, var bú Vöru-flutninga S Á ehf., kt. 481194-2109, Hábæ 2, 851 Hellu, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 5. febrúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu inn-an tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra, að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, þriðjudaginn 22. maí 2001 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síð-ustu viku fyrir skiptafundinn.

(2787 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 16. febrúar 2001, var bú Áspórs ehf., kt. 430169-4089, Unubakka 18-20, 815 Þorlákshöfn, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við gjaldþrotaskiptin er 24. janúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu inn-an tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra, að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, þriðjudaginn 22. maí 2001 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síð-ustu viku fyrir skiptafundinn.

(2788 a

Selfossi, 23. febrúar 2001.
Sigurður Sigurjónsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 16. febrúar 2001, var bú Erlu Báru Jónsdóttur, kt. 120559-3469, Kirkjuvegi 12, Selfossi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við skiptin er 24. janúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Birkivöllum 18, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Birkivöllum 18, Selfossi, miðvikudaginn 9. maí 2001, kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

Selfossi, 19. febrúar 2001.
Ragnheiður Thorlacius hdl.

(2365 b

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Búnaðar-banka Íslands og útibú hans eru glataðar:

Aðalbankinn: Nr. 200692, 53603, 89215, 202513, 202416, 202401, 47606, 84521, 94164 og 800407.
Akureyri: Nr. 15374.
Austurbær: Nr. 70313, 76521, 215256, 66223, 3155, 18220, 211385 og 6601.
Miðbær: Nr. 200220 og 808005.
Blönduós: Nr. 816058.
Stykkishólmur: Nr. 6576 og 255465.
Melar: Nr. 825148 og 9345.
Búðardalur: Nr. 6031.
Háaleiti: Nr. 228726.
Hveragerði: Nr. 18063.
Mosfellsbær: Nr. 7859 og 677.
Hólmavík: Nr. 280266.
Garðabær: Nr. 837116, 3373, 1716 og 20097.
Seljaútibú: Nr. 2661 og 2020.
Kópavogur: Nr. 5780, 9451, 8339, 200096 og 6139.
Kringlan: Nr. 2770, 800310, 7791, 3483 og 7622.
Höfðaútibú: Nr. 1752 og 200837.
Selfoss: Nr. 14183 og 5601.
Akranes: Nr. 4076.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 15. febrúar 2001.
Búnaðarbanki Íslands hf.,
Bentína Pálsdóttir.
Sigríður Stefánsdóttir.

(2351 c

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 20. desember 1999, var bú Péturs Júlíussonar, kt. 210359-7299, til heimilis að Reyrengi 6, Reykjavík, tekið til gjaldþrota-skipta. Sama dag var Atli Helgason hdl., skip-aður skiptastjóri í þrotabúinu.

Mál þetta var endurupptekið þann 5. janúar 2001 þar sem undirritaður var skipaður skipta-stjóri í stað Atla Helgasonar.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið 16. febrúar 2001, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð samtals kr. 13.615.590 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

(2506

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 14. desember 1999, var bú Ólafs Ísleifssonar, kt. 280853-5779, til heimilis að Reyrengi 1, Reykjavík, tekið til gjaldþrota-skipta. Sama dag var Atli Helgason hdl., skip-aður skiptastjóri í þrotabúinu.

Mál þetta var endurupptekið þann 5. janúar 2001 þar sem undirritaður var skipaður skipta-stjóri í stað Atla Helgasonar.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið 16. febrúar 2001, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð samtals kr. 10.938.275,50 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

(2507

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 14. desember 1999, var bú Páls Hinriks Helgasonar, kt. 070464-3309, til heimilis að Hraunbæ 154, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Atli Helgason hdl., skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Mál þetta var endurupptekið þann 5. janúar 2001 þar sem undirritaður var skipaður skipta-stjóri í stað Atla Helgasonar.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið 16. febrúar 2001, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð samtals kr. 6.497.106,50 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

(2508

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 14. desember 1999, var bú Þórs Gunnarssonar, kt. 200464-4359, til heimilis að Lækjargötu 6b, Reykjavík, tekið til gjaldþrota-skipta. Sama dag var Atli Helgason hdl., skip-aður skiptastjóri í þrotabúinu.

Mál þetta var endurupptekið þann 5. janúar 2001 þar sem undirritaður var skipaður skipta-stjóri í stað Atla Helgasonar.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið 16. febrúar 2001, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð samtals kr. 6.813.008 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

(2509

Reykjavík, 20. febrúar 2001.
Jón Ármann Guðjónsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, þann 23. júní 2000, var dánarbú Guðmundar Ólafs-sonar, kt. 211144-3009, síðast til heimilis að Stígahlíð 41, Reykjavík sem lést 24. febrúar 1999 tekið til opinberra skipta.

Tveimur kröfum var lýst á dánarbúið og hafa þær báðar verið afturkallaðar. Skiptum er þar með lokið.

Reykjavík, 12. febrúar 2001.
Valgeir Kristinsson hrl.

(2375

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 30. júní 1998, var bú Arnars Valbergs Úlfarssonar, kt. 020951-2309, Álakvísl 43, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið 15. desember 2000 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem samtals námu kr. 76.046.629, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurð-ardag gjaldþrotaskipta.

(2639

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 13. janúar 1998, var bú Spó ehf. (áður Norðurslóð ehf.), kt. 500184-0519, Bakkabraut 8, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama

